Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar

Selfossi, 26. Október 2026

Áskorun um yfirbyggða sundlaug á Selfossi

Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss samþykkti á fundi sínum 22. september 2026 að beina þessari áskorun til bæjarstjórnar Árborgar vegna aðstöðumála sunddeildarinnar.

Umf. Selfoss skorar á bæjarstjórn Árborgar að samþykkja og fjármagna yfirbyggingu nýrrar sundlaugar við Sundhöll Selfoss samhliða uppbyggingu laugarinnar. Þörfin er brýn þar sem núverandi aðstaða hamlar þjálfun barna og ungmenna og takmarkar möguleika sunddeildarinnar til að taka við fleiri iðkendum.

Í fjórum æfingahópum sunddeildarinnar eru 55 iðkendur, þar af 45 í Kopar-, Brons- og Silfurhópi, 7 til 14 ára. Viðvarandi biðlistar hafa fylgt starfinu undanfarin ár og aðstaðan takmarkandi þáttur í stækkun deildarinnar. Yfir vetrartímann er aðstaðan ófullnægjandi. Brons-, Silfur- og Gullhópur æfa að mestu úti á tveimur til þremur brautum og hafa saman aðeins um 30 mínútur í innilaug á viku. Kuldi hamlar leiðsögn á bakkanum og stunguþjálfun. Innilaugin er síðan svo þétt bókuð að ekki er svigrúm til að færa þjálfun barnanna inn ásamt því að innilaugin er of grunn til stunguþjálfunar.

Munurinn á æfingatímum samanborið við önnur félög:

***Koparhópur**, 7–10 ára, fær 1,5 klst. á viku en Uggar Ármanns, 8–10 ára, fá 2 klst.*

***Brons**, 10–12 ára, fær 3–4 klst.; Háhyrningar Sundfélags Hafnarfjarðar (SH) og Kafarar Ármanns, báðir 9–13 ára, fá 5 og 6 klst.*

***Silfur**, 12–14 ára, fær 4 klst. en Höfrungar SH, 11–15 ára, fá 8 klst. og 20 mín. á virkum dögum.*

***Gullhópur** fær síðan 6,5–7,5 klst. á móti 10–16,5 klst. hjá tilgreindum hópum Ármanns, Ægis, KR og SH.*

Árborg hefur þegar sett kennslusundlaug við Sundhöll Selfoss á dagskrá fjárfestinga í greinargerð fjárhagsáætlunar 2026. Nú þarf að færa yfirbygginguna inn í framkvæmdina sjálfa. Ný útilaug mun klárlega auka vatnsflöt og brautarfjölda en veitir ekki þau skilyrði til vetrarþjálfunar og leiðsagnar sem æskilegt er að iðkendur njóti.

Umf. Selfoss hvetur bæjarstjórn til að:

- Samþykkja yfirbyggingu sem hluta verkefnisins og tryggi henni sérstaka fjárheimild, fjármögnun og tímasett verklok.
- Tryggi að hönnun laugar, dýpt, stungupallar, bakkar og aðgengi þjóni sundþjálfun og skólasundi, með faglegri rýni í samráði við Sunddeild Umf. Selfoss og Sundsamband Íslands (Mannvirkjaskýrsla SSÍ).

Börn í Árborg þurfa viðunandi aðstöðu til sundþjálfunar og sundkennslu allt árið. Yfirbygging má ekki bíða á meðan vetraraðstaðan er ófullnægjandi.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

Halldór Stefán Haraldsson
Framkvæmdastjóri Umf. Selfoss